



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2014

Efni: Umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála. Þingskjal 233 – 207. mál.

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 24. október 2014, þar sem Velferðarsviði Reykjavíkurborgar var sent til umsagnar frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur jákvætt að lagðar séu til breytingar ef þær eru til þess fallnar að bæta vinnubrögð og hraða málsmeðferð. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerir þó eftirfarandi athugasemdir.

Samkvæmt frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála skal ráðherra skipa níu manna nefnd og skulu þrír nefndarmanna skipaðir í fullt starf. Er nefndinni ætlað að koma í stað sjö nefnda þar sem nefndarmenn voru 21 og sinntu nefndarstarfi að jafnaði sem aukastarfi. Er fyrrgreindri skipan ætlað að tryggja að nefndarmenn ásamt starfsmönnum geti annað nefndarstörfum og öðlist meiri þekkingu og reynslu í störfum sínu. Þá er möguleiki á að jafna álag á nefndarmenn og starfsmenn sem felur í sér tækifæri til aukinnar hagræðingar ásamt því að tryggja betur samræmda og vandaða málsmeðferð. Loks verður sjálfstæði betur tryggt þar sem starfsmenn ráðuneytisins koma ekki lengur að undirbúningi úrskurða. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar bendir þó á að sameining sjö úrskurðar- og kærunefnda, sem starfa á svo ólíku sviði eins og raun ber vitni, gæti reynst erfið og er því gríðarlega mikilvægt að vandað sé til verka og tryggt að fullnægjandi sérfræðþekking sé til staðar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur því mikla áherslu á nauðsyn þess að tryggja ávallt næga sérþekkingu meðal nefndarmanna úrskurðarnefndar velferðarmála. Þá vekur það einnig upp efasemdir hvort nægilegt sé að þrír nefndarmenn séu í fullu starfi og sex í aukastarfi þegar litið er til þess að eitt af markmiðum frumvarpsins er að hraða málsmeðferð. Verður því ekki séð að þær breytingar sem lagðar eru til með því frumvarpi sem hér um ræðir muni auka skilvirkni og málshraða.

Í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins segir að úrskurðarnefnd velferðarmála skuli kveða upp úrskurð eða gefa álit svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli og skal kærandi eða álitsbeiðandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta má úrskurðar eða álits. Samkvæmt 2. mgr. 65. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála

taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð innan **tveggja mánaða** frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur ákvæði 3. mgr. 7. gr. frumvarps til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála afturför hvað varðar málshraða úrskurðarnefnda félagsþjónustu og húsnæðismála og ekki í samræmi við markmið frumvarpsins um skilvirkni og hraða málsmeðferð. Þessu til viðbótar bendir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á að núverandi orðalag frumvarpsins, þ.e. „...og **að jafnaði** innan þriggja mánaða...“ getur leitt til þess að uppkvaðning úrskurða eða birting álita verði að meginstefnu til að liðnum þremur mánuðum eftir að mál berst nefndinni. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur lögbundinn tímafrest sérstaklega mikilvægan í ljósi þess að frumvarpinu er m.a. ætla að tryggja betur endurskoðun stjórnvaldsákvarðana innan ásættanlegs tíma. Þá segir einnig í VI. kafla athugasemda með frumvarpinu að verði frumvarpið að lögum muni það tryggja betur sjálfstæða, óháða og vandaða endurskoðun stjórnvaldsákvarðana innan ásættanlegs tíma.

Í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að nefndin skuli birta helstu úrskurði sína og álit með aðgengilegum og skipulegum hætti. Þá segir í athugasemdum með ákvæðinu að flestar úrskurðar- og kærunefndir á sviði velferðarráðuneytisins birti úrskurði sína og álit, eða a.m.k. helstu úrskurði og álit, á úrskurðavef Stjórnarráðs Íslands. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur mikilvægt að úrskurðir nefndarinnar séu birtir enda slíkt til þess fallið að stuðla að gagnsærri stjórnsýslu ásamt því að veita aðhald og auka réttaröryggi. Þá getur birting auðveldað einstaklingum og öðrum að kynna sér réttindi sín og réttarstöðu. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veur þó athygli á því að hvergi er að finna sjónarmið eða leiðbeiningar sem ráða því hvaða úrskurðir og álit eru birt. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar bendir á mikilvægi birtingar og að allir úrskurðir og álit séu birt nema veigamiklar undantekningar liggi því til grundvallar og í lögum sé að finna vísbendingar um hvaða sjónarmið skulu höfð í huga þegar víkja á frá meginreglunni um birtingu úrskurða og álita.

Þá veur Velferðarsvið Reykjavíkurborgar athygli á orðalagi 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins um „...leiðbeinandi reglur sem greina má út frá úrskurðum eða álitum nefndarinnar.“ Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur rétt að koma því á framfæri að mikilvægt er að hafa í huga að ekki er hægt að byggja rétt á leiðbeinandi reglum. Það er því mikilvægt að hinn almenni borgari geri sér grein fyrir hlutverki slíkra leiðbeininga þannig að síður verði hætta á að þær valdi misskilningi varðandi réttindi og skyldur. Þrátt fyrir það má telja líklegt að þróunin verði sú að farið verði að líta á slíkar leiðbeiningar sem reglur. Telur Velferðarsvið það vera mjög óæskilegt enda hlutverk leiðbeinandi reglna að vera leiðbeinandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Bára Sigurjónsdóttir,
lögfræðingur